

Reykjavík, 30. apríl 2024
Tilvísun: 2404070

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samstarfs og eftirlits á vinnumarkaði. 909. mál, lagafrumvarp. 154. löggjafarþing 2023-2024.

Vísað er til 909. máls sem gekk til velferðarnefndar 4. apríl sl. og var birt í umsagnagátt Alþingis 16. apríl sl. Sjúkratryggingar hafa áður sent umsagnir vegna frumvarpsins til félags- og vinnumálaráðuneytisins, sbr. umsagnir dags. 22. og 27. mars sl. Þar sem umsagnir stofnunarinnar rötuðu ekki í frumvarpið sem nú er til meðferðar hjá velferðarnefnd er send umsögn til nefndarinnar, þótt ekki hafi verið óskað sérstaklega eftir því.

Tillögur að breytingu á 4. gr. frumvarpsins: Breytingar á 2. mgr. 68. gr. laga nr. 46/1989.

Í umsögn Sjúkratrygginga, dags. 22. mars sl., voru gerðar tillögur að breytingu á 4. gr. frumvarpsins (þá 3. gr.). Jafnframt voru gerðar tillögur að breytingum á orðalagi í athugasemdum við ákvæðið þannig að tekin yrði allur vafi um gildissvið ákvæðisins, þ.e. yfir hvaða vinnslu (umsóknarferil) það tæki til. Þar sem umræddar tillögur snúa að vinnslu umsókna hjá Sjúkratryggingum telur stofnunin mikilvægt að velferðarnefnd taki til umfjöllunar um hvort rétt sé að breyta ákvæðinu og lögskýringagögnum í samræmi við umsögn stofnunarinnar, m.a. til að tryggja að ákvæðið sé nægjanlega skýrt.

Sjúkratryggingar gera eftirfarandi athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins sem snýr að breytingum á lögum nr. 46/1980 í ákvæðinu er kveðið á um breytingar á 2. mgr. 68. gr. laga nr. 46/1980, sbr. eftirfarandi:

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt, meðal annars í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands, að nýta stafræna innviði sjórvalda við söfnun nauðsynlegra upplýsinga í skrár skv. 1. mgr. með það að markmiði að auðvelda og einfalda tilkynningar til stofnunarinnar um eitranir, vinnuslys og atvinnusjúkdóma skv. 79. og 80. gr.

Í fyrsta lagi þarf að breyta tilvísun í Sjúkratryggingar Íslands í sjúkratryggingastofnunina, í samræmi við önnur lög, m.a. lög um sjúkratryggingar, lyfjalög og lög um landlækni. Í öðru lagi er nauðsynlegt að í ákvæðinu komi fram hvað umrætt samstarf feli í sér og í þriðja lagi er rétt að breyta orðalaginu í tengslum við söfnun nauðsynlegra upplýsinga í skrár þar sem orðalagið er villandi og lýsir ekki vinnslunni nægjanlega vel.

Þannig eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 4. gr. frumvarpsins sem eru [**feitletraðar í hornklofa**] eða yfirstrikaðar:

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt, meðal—annars í samstarfi við [**sjúkratryggingastofnunina**] Sjúkratryggingum Íslands, að nýta stafræna innviði stjórnvalda við söfnun nauðsynlegra upplýsinga í skrár skv. 1. mgr. [**með það að markmiði að einfalda málsmeðferð og auka hagræði við sendingu tilkynninga til stofnananna. Þannig er hægt að senda tilkynningar um eitranir á vinnustað, vinnuslys og atvinnusjúkdóma skv. 4. mgr. 79. gr. laganna til Vinnueftirlitsins og sjúkratryggingastofnunarinnar með einum hætti.**] ~~með það að markmiði að auðvelda og einfalda tilkynningar til stofnunarinnar um eitranir, vinnuslys og atvinnusjúkdóma skv. 79. og 80. gr.~~

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á umfjöllun í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins:

Er það lagt til þar sem mikilvægt þykir að Vinnueftirlitinu [**Vinnueftirlitið**] og [**sjúkratryggingastofnunin**] Sjúkratryggingum Íslands verði heimilað að eiga **eigi í samstarf [samstarfi]** sín á milli um nýtingu stafræna innviða til [**sem felst í því**] að samræma vefþjónustur sínar með það að markmiði að [**einfalda**] auðvelda og um leið einfalda almennings [**málsmeðferð og auka hagræði fyrir þá sem tilkynna, þ.e. almenning og lögaðila.**] samskipti við stofnanirnar. Þannig er gert ráð fyrir að með því að heimila Vinnueftirliti ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands framangreint samstarf um nýtingu stafræna innviða við söfnun nauðsynlegra upplýsinga þurfi einungis þurfi að tilkynna einu sinni [**með einum hætti**] til stjórnvalda um eitrun á vinnustað sem og vinnuslys og atvinnusjúkdóm. Er þannig gengið út frá því að þegar tilkynnt er um eitranir á vinnustöðum sem og vinnuslys og atvinnusjúkdóma verði með nýtingu stafræna innviða þessara stofnana unnt að senda þann hluta tilkynningarinnar sem er nauðsynlegur til að halda skrár yfir eitranir, vinnuslys og atvinnusjúkdóma á vinnustöðum til Vinnueftirlitsins annars vegar og þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar í tengslum við viðeigandi bætur [**umsókn um bætur úr slysatryggingu almennatrygginga**], eftir því sem við á, til Sjúkratrygginga Íslands [**sjúkratryggingastofnunarinnar**] hins vegar. Með nýtingu stafræna innviða í



gegnum Ísland.is verði þannig komið í veg fyrir að upplýsingar þurfi að fara frá einni stofnun til annarrar eða að tilkynnandi þurfi að fylla út tvö óskyld eyðublöð sem hvor stofnun fyrir sig gefur út líkt og gildandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að með breyttu fyrirkomulagi, líkt og kveðið er á um í frumvarpinu, verði tryggt að umræddum stofnunum berist ekki upplýsingar sem eru þeim óviðkomandi og þær þurfa ekki á að halda til að geta sinnt lögbundnum skyldum sínum.

Umsögn um 1. gr. frumvarpsins: Breytingar á lögum nr. 55/1980

Í umsögn Sjúkratrygginga, dags. 27. mars sl. var tekið undir athugasemdir Persónuverndar sem voru birtar í Samráðsgáttinni 15. mars sl., sjá hér að neðan:

Þá telur Persónuvernd að tilgreina þurfi hvaða stofnanir það eru sem lögreglustjóra, Skattinum og Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að gera samninga við, hverjar valdheimildir þeirra eru og hvernig sú upplýsingamiðlun sem mælt er fyrir um í c-lið 1. gr. frumvarpsins sé nauðsynleg í þágu þess tilgangs sem að er stefnt.

Sjúkratryggingar telja þannig að ef ætlunin er að sækja gögn frá Sjúkratryggingum í tengslum við samráðsvettvang sem fjallað er um í 8. gr. c, sbr. 1. gr. frumvarpsins, þá ætti að taka það fram í ákvæðinu sbr. athugasemdir Persónuverndar. Ef ætlunin er að sækja gögn frá Sjúkratryggingum þá ætti nefndin jafnframt að taka til skoðunar hvort réttara væri að Sjúkratryggingar væru hluti af samstarfsnefndinni sem kveðið er á um í 8. gr. a, sbr. 1. gr. frumvarpsins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Ljóst er að hjá Sjúkratryggingum liggur fyrir þekking og gögn sem ekki eru til staðar hjá þeim fulltrúum sem taldir eru upp í 2. mgr. 8. gr. a., sbr. umfjöllun í kaflanum hér á eftir. Með því væri verið að styrkja enn frekar þær sameiginlegu aðgerðir sem fjallað er um í 4. mgr. 8. gr. c., þ.e. eftirlit, virka eftirfylgni, greiningarvinnu og upplýsingamiðlun milli aðila innan þeirra marka sem lög heimila.

Ef nefndin telur rétt að fara þessa leið þar sem ljóst er að þekking og gögn sem liggja fyrir hjá Sjúkratryggingum eru samstarfsvettvanginum nauðsynleg, til að ná fram þeim markmiðum sem lýst er í 4. mgr. 8. gr. c., þá yrði að breyta ákvæðum 1. gr. með eftirfarandi hætti:

Á eftir Útlendingastofnun í 2. mgr. 8. gr. a komi: *einn tilnefndan af sjúkratryggingarstofnuninni.*

Á eftir Skatturinn í 1. gr. 8. gr. c komi: *sjúkratryggingarstofnunin.*

Áhrif lagasetningar og undirbúningur

Önnur atriði í umsögn Sjúkratrygginga, dags. 22. mars sl. sem er rétt er að koma á framfæri við nefndina sneru að áhrifum lagasetningar (umfjöllun um fjárhagsleg áhrif) og athugasemdum varðandi undirbúning og skort á samráði, sjá eftirfarandi:

- Í dag sækir Vinnueftirlit upplýsingar einu sinni í mánuði frá Sjúkratryggingum gegnum vefþjónustu yfir X-Road. Komi til breytingar á þeirri virkni með hliðsjón af frumvarpi þessu væri rétt að ráðuneytið myndi taka það með í reikninginn hvað varðar fjárhagsleg áhrif frumvarpsins.
- Sjúkratryggingar gera athugasemdir við að undirbúningur vegna frumvarps þessa hafi hafist í október 2018 en stofnunin fyrst fengið veður af umræddu frumvarpi þegar það var birt almenningi í Samráðsgáttinni 11. mars sl. Sjúkratryggingar vinna með tilkynningar um vinnsluslys, eitranir á vinnustað og atvinnusjúkdóma á grundvelli laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga og eru með upplýsingar í tryggingaskrá m.a. vegna útsendra starfsmanna, starfsmannaleiga, sem og gögn vegna starfsmanna sem koma til landsins til að vinna. Þá hefur stofnunin átt í samráði við þá aðila sem komu að gerð frumvarpsins og sem tilteknir eru í 1-2. gr. frumvarpsins, m.a. vegna aðgerða í tengslum við starfsmannaleigur og skráningu erlendra starfsmanna ofl. Stofnunin hefði þannig verið með mikilvægt innlegg í þessa undirbúningsvinnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Sjúkratrygginga

Elsa Gísladóttir, lögfr.

Skjal þetta er undirritað með rafrænni undirskrift

Afrit:

- Heilbrigðisráðuneytið



Undirritað af:
Elsa Rún Gísladóttir
Dags: 30.04.2024
Tími: 23:41:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3f0e400c-4480-436a-98e0-154c47c93601